



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
föstudaginn 6. apríl 2016 kl. 15.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Ólafía Sigurvinsdóttir (ÓS) í forföllum  
Árnýjar Huldar Haraldsdóttur. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg  
Guðbjörnsdóttir f.h. kennara grunnskólasviðs, Lovísa Ósk Jónsdóttir f.h. foreldrafélags Reykhólaskóla  
og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, fimm mál bárust og var samþykkt  
að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 13. janúar 2016.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1605001 – Kennslutímar skólaárið 2016-2017.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 26. apríl 2016, þar sem farið er fram á 160  
kennslustundir skólaárið 2016-2017.

*Nefndin samþykkir erindið samhljóða.*

#### 3. 1605002 – Skóladagatal Reykhólaskóla 2016-2017 og stytting á skólaári fyrir grunnskóladeild.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 26. apríl 2016, þar sem lagt er fram dagatal  
leikskóladeildar og grunnskóladeildar, en það hljóðar upp á 178 skóladaga, tveir dagar sem vantar  
upp á verða bættir með lengdri viðveru hjá nemendum fyrir áramót, um 40 mín á viku, skv. 28. gr.  
grunnskólalaga. Grunnskóladeild hefst því 22. ágúst 2016 og lýkur 18. maí 2017.

*Nefndin samþykkir skóladagatal leikskóladeildar og grunnskóladeildar skólaárið 2016-2017  
samhljóða.*

#### 4. 1605003 – Kennsluafsláttur fyrir skólastjóra Reykhólaskóla skólaárið 2016-2017.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 26. apríl 2016, þar sem skólastjóri fer fram á  
niðurfellingu á 8 tíma kennsluskyldu sinni skólaárið 2016-2017.

*ÁMG lagði fram breytingartillögu um fjögurra kennslustunda kennsluafslátt til skólastjóra skólaárið  
2016-2017. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum AMG og VP á móti einu atkvæði ÓS.*

5. 1511015 – Skólastefna Reykhólahrepps.

*Sveitarstjóri og formaður nefndarinnar hafa leitað án árangurs að ráðgjafa til þess að vinna að skólastefnu með væntanlegum stýrihópi um skólastefnu. Skólastjóri kom fram með tillögu þess efnis að leitað yrði til Háskóla Íslands. Formanni og sveitarstjóra falið að athuga það.*

Mál til kynningar:

6. 1601010 – Skýrsla skólastjóra.

*Skólastjóri fór yfir skýrslu með nefndinni. Nefndin þakkar skólastjóra góða og greinargóða skýrslu.*

7. 1601009 – Börn fædd 2011 í Reykhólahreppi þann 1. desember 2015.

*Lagt fram.*

8. 1605004 – Skólaakstur veturinn 2016-2017.

*Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 27. apríl 2016.*

*Lagt fram.*

9. 1605005 – Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um niðurskurð í leik- og grunnskólum landsins.

*Lagt fram.*

Önnur mál (ef einhver):

10. 1605010 – Umsjónarmaður með tölvum og tölvuveri í Reykhólaskóla.

*Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 26. apríl 2016, þar sem farið er fram á að ráða umsjónarmann með tölvum og tölvuveri fyrir Reykhólaskóla vegna kröfu um aukna notkun á tölvum við kennslu og í samræmdum prófum.*

*Nefndin tekur jákvætt í erindið en vísar því til sveitarstjórnar til ákvörðunar. Samþykkt samhljóða.*

11. 1605011 – Sumaropnun á bókasafni Reykhólahrepps.

*Erindi frá skólastjóra dagsett 26. apríl 2016, tillaga um lokun bókasafnsins yfir sumartímann vegna lítillar aðsóknar, hægt verði að fá aðgang að safninu í gegnum skólann eftir þörfum.*

*Erindið samþykkt samhljóða.*

12. 1605012 – Ýmis mál til kynningar.

*Skólastjóri fór yfir lokun leikskólans sumarið 2016, sumarlokun verður frá 30. júní til 12. ágúst og starfsmannahald næsta skólaár, og lagði fram drög að læsisstefnu Reykhólaskóla. Þá upplýsti hún nefndina um styrk sem skólinn fékk frá Umhyggju.*

13. 1602014 – Tónlistakennari, organisti og kórstjóri.

*Erindi frá sóknarnefnd Reykhólakirkju og sóknarpresti.*

*Nefndin ræddi um stöðu tónlistakennara, hvort möguleiki væri á því að ráða allt að 85% stöðuhlutfall tónlistakennara við Reykhólaskóla og stofna þar með tónlistaskóladeild við skólann.*

*Nefndin telur ekki raunhæft að stofnaður verði tónlistaskóli fyrir haustið, skoða þarf fjármögnun og þ.h. við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017-2020.*

**14. 1605013 – Fyrirspurn varðandi verkferil vegna umsókna um vistunartíma.**

OS spurði um verklagsreglur um það hvort nýir umsóknaraðilar séu almennt upplýstir um það að opnunartími leikskólans sé að öllu jöfnu til kl. 16 alla virka daga, að opnunin til kl. 14 á föstudögum sé vegna of fárra barna og verklagsreglna þar um.

*Skólastjóri fór yfir verklagsreglur skólans, þær hafa ekki verið birtar á vef skólans, en það verður lagfært.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 17.30.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____